

70. stjórnarfundar Austurbrúar, haldinn þriðjudaginn 21. janúar 2017.

Fundargerð

Fundurinn haldinn hjá Austurbrú á Reyðarfirði kl. 15:00-16:30

Mættir stjórnarmenn á staðnum: Sveinn Jónsson (SJ), Gauti Jóhannesson (GJ), Sigrún Blöndal (SB), Jón Björn Hákonarson (JBH)

Mættir stjórnarmenn í síma: Sæunn Stefánsdóttir (SS)

Mættir starfsmenn: Jóna Árný Þórðardóttir (JÁÐ) sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Staðfesting fundargerðar nr. 69
2. Fjárhagsáætlun 2017
3. Samningar – í vinnslu
 - a) Árlegir samningar við sveitarfélögin
 - b) Samningur við Vopnafjörð
 - c) Orkuskipti á Austurlandi – kortlagning
4. Áfangastaðurinn, Austurland, DMP
5. Mannauðsmál
6. Önnur mál
 - a) NMI
 - b) Leiga á Vonarlandi A hús
 - c) Húsnæðismál á Seyðisfirði

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna

1. Staðfesting fundargerðar nr. 69

Stjórn staðfestir fundargerð 69 með undirritun.

2. Fjárhagsáætlun 2017

Stjórn samþykkir framlagða fjárhagsáætlun. Stjórn leggur til að formaður stjórnar skrifi formála á fjárhagsáætlunina áður en hún verður send til stofnaðila.

3. Samningar

- a) Árlegir samningar við sveitarfélögin
Stjórn samþykkir drög að samningum og leggur til við framkvæmdastjóra að boðið verði upp á að hún mæti til fundar í bæjarráð og sveitastjórnir til að fara yfir málefnasvið Austurbrúar ef eftir því er óskað. Einnig leggur stjórn til að upp verði tekin aftur umræðan um verðlagningu samninganna fyrir árið 2018 þannig að það nái inn í undirbúning við gerð fjárhagsáætlana.
- b) Samningur við Vopnafjörð
Stjórn felur framkvæmdastjóra að undirrita samninginn
- c) Orkuskipti á Austurlandi – kortlagning
JÁÐ fór yfir stöðu verkefnisins. Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna áfram í takt við umræður á fundinum.

4. Áfangastaðurinn, Austurland, DMP

Framkvæmdastjóri kynnti þá vinnu sem í gangi er gagnvart Áfangastaðnum Austurlandi sem og DMP. Fyrir liggur að sérstök kynning verði þann 31. janúar á DMP á Austurlandi með sveitastjórum.

5. Mannauðsmál

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mannauðsmála. Stjórn samþykkir að unnið sé áfram á grundvelli samþykkrar fjárhagsáætlunar að manna stofnunina.

Sæunn Stefánsdóttir vék af fundi undir lið 6 vegna annarra fundarstarfa.

6. Önnur mál

- a) NMI
Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála og samskipti sem átt hafa sér stað við NMI undanfarnar vikur.
- b) Leiga á Vonarlandi A hús
Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála í A húsi m.t.t. leigjenda. Í dag eru lausar 3 skrifstofur í húsinu og er það kostnaðarsamt fyrir Austurbrú að standa undir því.
- c) Húsnæðismál á Seyðisfirði
Stjórn Austurbrúar samþykkir að framkvæmdastjóri óski eftir lausn undan leigusamningi við Brimberg um skrifstofuhúsnæði á Seyðisfirði frá 28. febrúar 2017. Fyrirhugað er að skrifstofa starfsmanns flytjist í frumkvöðlasetrið á Seyðisfirði frá og með 1. mars nk.

Næsti stjórnarfundur verður 21. febrúar 2017. Framkvæmdastjóra falið að senda fundarboð á nefndarmenn.

Fundi slitið kl. 17:00

Jón Björn Hákonarson

Sigrún Blöndal

Sveinn Jónsson

Gauti Jóhannsson

Sæunn Stefánsdóttir